

Ed. 347. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Á árinu 1970 er ríkisstjórninni heimilt að lækka framlög til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 milljónir króna í 3.5 milljónir króna og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 milljónum króna í 0.9 milljónir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið, að á árunum 1968 og 1969 skyldi ríkisstjórnin heimila að lækka framlag til landnáms vegna nýbýla um 7.5 milljónir króna. Ríkisstjórnin notaði þessa heimild.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að veita ríkisstjórninni sams konar lækkunarheimild fyrir árið 1970.